



# Bikarkeppni JSÍ - 2010 - Leikreglur



1. Bikarkeppni JSÍ er sameiginleg liðakeppni í flokki U13 og U15 (11-14 ára) annars vegar og hins vegar í flokki Seniora (15 ára og eldri) og fer fram á tímabilinu janúar til desember. Liðin skulu skipuð 5 mönnum í jafnmarga þyngdarflokka. Þyngdarflokkar U13/U15 eru, drengir, -38kg, -46kg, -55kg, -66kg og +66kg og stúlkur, -40kg, -48kg, -57kg, -70kg og +70kg. Þyngdarflokkar seniora eru, karlar, -66kg, -73kg, -81kg, -90kg og +90kg og konur -52kg, -57kg, -63kg, -70kg, og +70kg. Hvert félag má senda mest tvö lið til keppni og lágmarksfjöldi í liði er 3 menn til að það sé keppnisfært.
2. Keppt verður með riðla og eða útsláttarfyrirkomulagi og keppninni skipt í tvo hluta. Fyrri hlutinn fer fram á tímabilinu jan/maí (vorönn) og sá seinni í sept/des (haustönn). Keppnisfyrirkomulagið verður eins og í einstaklingskeppni þannig að ef fimm lið eða færri eru skráð til leiks verður keppt í einum riðli, ef liðin eru sex verða riðlarnir tveir og tvö efstu liðin úr hvorum riðli komast áfram og keppa keppa í kross, ef liðin eru sjö eða fleiri verður keppt með úrsláttarfyrirkomulagi. Fjöldi glíma í hvorum hluta verður álíka mikill. Vinningar ákvarðast með sama hætti og í hefðbundinni sveitakeppni JSÍ.
3. Fyrir fyrstu umferð ár hvert verða tvö efstu liðin frá árinu á undan forraðað, þ.e. aðskilin. Næst skulu lið frá sama félagi vera aðskilin eins og hægt er með útdrætti og síðan eru önnur lið dregin eftir það.
4. Þau félög sem ekki ná í lið geta tekið sig saman og skráð sameiginlegt lið. Ekki þarf að senda sömu menn til leiks og kepptu í fyrri hluta og geta því nýjir menn keppt fyrir viðkomandi lið í seinni hluta en þeir verða þó að vera félagsbundir því félagi sem sendir liðið. Keppandi þarf ekki að keppa í sama þyngdarflokki í fyrri og seinni hluta. Félag má skrá erlenda ríkisborgara sem hjá þeim æfa í lið sitt og hafa þeir keppnisrétt í Bikarkeppninni hafi þeir haft búsetu á Íslandi síðastliðna þrjá mánuði fyrir keppni. Ekki má keppa fyrir fleiri en eitt lið á hverju tímabili þ.e. keppandi sem keppt hefur fyrir lið A getur ekki keppt fyrir lið B hjá sama félagi né fyrir önnur félög jafnvel þó svo að félagaskipti hafi átt sér stað.
5. Þyngd þátttakanda verður að vera innan skráðs þyngdarflokks en heimilt er keppanda að keppa einum þyngdarflokki upp fyrir sig en aðeins ef hann hefur verið skráður í þann flokk. Ekki er hægt að skipta um þyngdarflokk eftir að nafnalisti hefur verið sendur inn. Hvert lið má skrá jafn marga varamenn og aðalmenn. Varamenn verða að vera vigtaðir og skráðir í ákveðna þyngdarflokka. Aðeins má skrá einn varamann í hvern þyngdarflokk. Sé varamaður settur inn á getur aðalmaður samt sem áður keppt aftur, skiptingin er ekki endanleg út mótið. Keppendur sem gefa andstæðingum Fusen-gachi geta ekki keppt aftur.
6. Bikarkeppnin skal halda á sem flestum stöðum á landinu og jafnvel að nota hana sem kynningu á þeim stöðum sem ekki er stundað júdó. Stjórn JSÍ ákveður það í samvinnu við félögin hvar umferðirnar fara fram.
7. Útbúinn verði veglegur farandbikar sem keppt verður um í ótiltekinn tíma og skulu bikarmeistarar hvers ár varðveita hann fram að næsta Bikarmóti en að lokum verður hann varðveittur hjá JSÍ. Á hann skal áletra nöfn bikarmeistara hvers árs. Bikarmeistarar hverju sinni fá einnig afhentan eignarbikar.
8. Þátttökugjöld ár hvert er ákveðið af stjórn JSÍ og greiða þarf þau við skráningu liðs. Ekki er hægt að taka þátt í keppninni viðkomandi tímabil eftir að skráningu er lokið.